

Neyðarmóttaka vegna kynferðisofbeldis

Hlutverk lögmanna

Allir þolendur kynferðisbrota sem leita á neyðarmóttökuna eiga rétt á viðtali við lögmann, óháð ákvörðun um kæru. Í teymi neyðarmóttökunnar eru lögmenn sem búa yfir mikilli reynslu af meðferð kynferðisbrotamála. Þeir eru bundnir trúnaði um allt sem þeir verða áskynja í störfum sínum og þolendur greiða ekki fyrir þjónustuna.

Þjónusta lögmanna

Lögmenn eru best til þess fallnir að útskýra ferli kynferðisbrotamála hjá lögreglu, ákærvaldi og fyrir dómstólum. Mismunandi er hvernig lögmaður kemur að málum:

- Lögmaður getur komið á neyðarmóttöku og hitt þolanda þar.
- Lögmaður getur fengið póst frá hjúkrunarfræðingi neyðarmóttökunnar og haft í framhaldi af því samband við þolanda.
- Þolandi sjálfur getur fengið nafn, símanúmer og tölvupóstfang lögmanns og haft samband sjálfur.

Rannsókn kynferðisbrota

Ef þolandi ákveður að leggja fram kæru hjá lögreglu og óska eftir rannsókn þá gegnir lögmaður hlutverki réttargæslumanns þolandans. Réttargæslumaður gætir hagsmuna brotþola og aðstoðar hann í málinu, þar á meðal við að setja fram bótakröfu.

Rannsókn mála er mismunandi enda hvert mál einstakt. Eftirfarandi atriði eru þó sameiginleg öllum málum:

Staða vitnis

Þeir sem kæra mál sitt til lögreglu og óska eftir rannsókn hafa stöðu vitnis við rannsókn málsins. Þeim ber að segja satt og rétt frá.

Skýrslutaka hjá lögreglu:

- Réttargæslumaður er alltaf viðstaddur skýrslutöku. Lögreglu er skylt að tilnefna réttargæslumann ef mál varðar kynferðisbrot og brotþoli óskar þess.
- Ávallt skal tilnefna réttargæslumann ef brotþoli hefur ekki náð 18 ára aldri þegar rannsókn hefst.
- Fulltrúi barnaverndar er yfirleitt viðstaddur skýrslutöku ef brotþoli er yngri en 18 ára.
- Ef brotþoli er eldri en 15 ára fer skýrslutaka fram í sérútbúinni aðstöðu hjá lögreglu. Þar er skýrslan tekin upp í hljóði og mynd.
- Ef brotþoli er yngri en 15 ára fer viðtal fram í Barnahúsi.

Rannsókn lögreglu

- Leggi brotþoli fram kæru hjá lögreglu rannsakar hún málið.
- Rannsókn málsins getur verið tímafrek. Lengd rannsóknar fer eftir ýmsu, svo sem eðli brotsins, hvort vitað er hver gerandinn er eða hvort senda þurfi lífsýni til greiningar.
- Þegar rannsókn málsins er lokið hjá lögreglu er tekin ákvörðun um hvort gefin verði út ákæra. Komi til útgáfu ákæru fer málið fyrir dómstóla.
- Fari málið fyrir dómstóla undirbýr réttargæslumaður brotþola fyrir skýrslutöku fyrir dómi. Hann er viðstaddur aðalmeðferð og flytur bótakröfu. Hafi skýrslutaka lögreglu farið fram í Barnahúsi vegna ungs aldurs þarf brotþoli ekki að mæta fyrir dóm sem vitni við aðalmeðferð málsins.

Réttargæslumaður á rétt á að:

- Fá afrit af þeim málsgögnum sem varða þátt brotþola.
- Vera viðstaddur þegar skýrsla er tekin af brotþola.
- Vera viðstaddur öll þinghöld í málinu.
- Leggja spurningar fyrir þá sem gefa skýrslu fyrir dómi.
- Tjá sig um bótakröfu brotþola fyrir dómi.

Réttargæslumaður upplýsir brotþola eða lögráðamann hans um framgang rannsóknar þegar hann fær upplýsingar um málið frá lögreglu. Brotþoli eða lögráðamaður hans geta ávallt haft samband við réttargæslumann sinn til að fá upplýsingar um stöðu málsins.

Á vegum Lögreglu höfuðborgarsvæðisins er rekin rafræn þjónustugátt fyrir þolendur kynferðisbrota, <https://mitt.logreglan.is>. Þar geta þolendur, sem eru eldri en 18 ára, fengið ýmsar upplýsingar um stöðu mála sinna og um þær bjargir sem þolendum standa til boða.

Skaðabótakrafa

Réttargæslumaður annast gerð skaðabótakröfu að ósk brotþola eða lögráðamanns hans.

Lögmaður þinn er: _____

Sími/netfang: _____